Tillaga til 464. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. nóvember 2020

Tillaga frá 546. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór þann 28. október 2020, um að bæjarstjórn heimili breytingu á aðalskipulagi skv. VII. kafla skipulagslaga.

11. Góustaðir við Sunnuholt - Fyrirspurn um byggingarleyfi - 2019100003

Gauti Geirsson óskar eftir leyfi Ísafjarðarbæjar að hefja breytingu á aðalskipulagi á landi Góustaða þar sem hluta úr landinu, sem nú er skilgreint sem landbúnaðarland, verður breytt í íbúðabyggð. Þá mun sú lóð sem tekin verður úr Góustaðalandi verða hluti af íbúabyggð í Sunnuholti, Ísafirði.

Fylgiskjöl eru:

Erindisbréf, dags. 07.10.2020.

Loftmynd af svæðinu og fyrirhugaðri lóð, ódags.

Tölvupóstur með samskiptum eigenda Góustaða og Gauta Geirssonar varðandi áætlanir þessar, dags. 01.10.2019

Gátlisti Skipulagsstofnunnar varðandi óverulega breytingu á Aðalskipulagi, dags. janúar 2016.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingu á aðalskipulagi skv. VII. kafla skipulagslaga.